

Þriðjudaginn 4. desember 1979.

Nr. 89/1979. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson, settur vararíkis-
saksóknari)

gegn

Rafni Kjartanssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Lagt hefur verið fyrir Hæstarétt af hálfu ákærvalds skýrsla tveggja lögregluþjóna um mælingu á aksturstíma og vegalengd frá Teigaseli 5 að Fossvogsbletti 3. Segir svo í skýrslu þessari: „Ekið var frá bifreiðastæði við Teigasel 5 og ekið um Öldusel, Stekkjarbakka, Breiðholtsbraut, Reykjanesbraut, Bústaðaveg, Eyrarland og Fossvogsveg að húsi nr. 3 við Fossvogsblett. Tók 7 mín. og 27 sek. að aka milli þessara staða, og vegalengd mæld 5,2 km. Notuð var lögreglubifreiðin R 20021, þegar þessi athugun fór fram. Ekki var ekið hraðar en leyfður hámarkshraði er á áðurnefndum götum. Dregið var úr hraða eða stöðvað við gatnamót eftir því, sem tilefni gafst til.“

Atferli ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, er þar réttilega heimfært til refsíákvæða. Við ákvörðun refsingar ber að leggja til grundvallar viðurlög þau, sem greinir í 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sem í gildi voru, þegar ákærði framdi brot sitt, en viðurlögum 5. gr. laga nr. 52/1978 verður ekki beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 80.000

krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 80.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 80.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 80.000 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Sakfelling ákærða í héraðsdómi er, auk niðurstöðu blóðrannsóknar, byggð á því, að upplýst sé, m. a. með játningu ákærða, að hann hafi sunnudaginn 29. maí 1977 ekið bifreið sinni, Ö 818, frá Teigaseli 5 að Fossvogsbletti 3, að samkvæmt framburði vitnisins Jóns Hjálta Þorvaldssonar, sem sá ákærða hefja aksturinn, hafi hann verið áberandi undir einhverjum áhrifum, að vitnið Þórður Ingvi Sigurðsson sá ákærða ekki neyta áfengis, eftir að akstri ákærða lauk, að ekki fannst áfengislykt úr flösku þeirri, sem ákærði kvaðst hafa neytt áfengis úr, og að óhugsandi sé, að ákærði gæti hafa fengið það áfengismagn í blóðið, sem blóðrannsókn sýndi, af áfengismagni því, sem hann kvaðst hafa neytt, eftir að akstri lauk.

Af sönnunargögnum þessum er ekki deilt um tvö, þ. e. niðurstöðu blóðrannsóknar og vætti og játningu um akstur ákærða.

Önnur sönnunargögn, sem sakfelling er byggð á, tel ég ekki standast kröfur um gögn til að byggja á sakfellingu. Vitnið Jón Hjalti Þorvaldsson sá ákærða eigi nær en í um 10 metra fjarlægð. Telur það hann hafa verið reikulan í spori. Annar rökstuðningur fyrir ályktun vitnisins kemur ekki fram. Framburður vitnisins Þórðar Ingva Sigurðssonar um, að ákærði hafi ekki neytt áfengis, meðan þeir voru saman,

útilokar ekki, að ákærði hafi getað neytt innihalds fullrar gosdrykkjarflösku af sterkri áfengisblöndu, á meðan hann beið eftir vitninu Þórði Ingva. Framburðir lögreglumanna um, að ekki hafi fundist áfengislykt úr flösku þeirri, sem ákærði í upphaflegum, ruglingslegum framburði taldi sig hafa drukkið úr, tel ég ekki óyggjandi sönnun þess, að blanda Kláravíns og vatns geti ekki hafa verið nýlega í flöskunni. Sú ályktun, að óhugsandi sé, að ákærði geti hafa fengið jafnmikið áfengismagn og mæling sýndi í blóðið af uppgefinni áfengisneyslu eftir akstur, $1\frac{1}{2}$ — $1\frac{3}{4}$ klst. fyrir blóðtöku, þykir mér eigi heldur standast gagnrýni, þar sem hún er ekki studd sérfræðilegu álit. Ljóst mátti vera, að sekt eða sýkna ákærða hlaut að ráðast að verulegu leyti af því, hvort fullyrðing hans um áfengisneyslu, eftir að akstri lauk, gæti staðist. Um það verður ekki dæmt nema fyrir liggi sérfræðilegt álit. Ég tel, að ákærvaldið hefði átt að sjá um, að þess yrði aflað. Vöntun þess hlýtur að koma ákærða til góða, þar sem taka ber framburð hans um þetta atriði til greina, sé honum ekki hrundið.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, tel ég sekt ákærða ekki öldungis vafalausa. Tel ég því, að sýkna beri hann af kröfum ákærvaldsins í málinu og leggja allan kostnað af því í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns ákærða, Jóns E. Ragnarsonar hæstaréttarlögmans, sem mér þykja hæfilega ákveðin samtals 120.000 krónur í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. júní 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 7. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 246/1978: Ákærvaldið gegn Rafni Kjartanssyni, sem tekið var til dóms 19. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 9. september sl., á hendur ákærða, „Rafni Kjartanssyni, bifvéla-virkja, Teigaseli 5, Reykjavík, fæddum 27. september 1935 í Reykjavík, fyrir að aka sunnudaginn 29. maí 1977 undir áhrif-

um áfengis bifreiðinni Ö 848 frá Teigaseli 5 að Fossvogsbletti 3 í Reykjavík.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 29. maí f. á., klukkan 1735, barst tveim lögreglu-mönnum í Reykjavík, sem voru staddir í eftirlitsbifreið vestan til í Vatnsendahæð, tilkynning um talstöð þess efnis, að verið væri að aka bifreiðinni Ö 848 frá Teigaseli, og áleit tilkynnandi, að ökumaður bifreiðarinnar væri undir áhrifum áfengis.

Samkvæmt lögregluskýrslu veittu lögreglumennirnir bifreiðinni athygli klukkan 1748, þar sem henni var ekið austur Bústaðaveg og beygt suður Reykjanesbraut. Þar stöðvuðu þeir bifreiðina og höfðu tal af ökumanni, Þórði Ingva Sigurðssyni, Grettisgötu 33 B í Reykjavík. Með honum í bifreiðinni var ákærði, Rafn Kjartansson, og var hann greinilega undir áhrifum áfengis að mati lögreglumannanna, en Þórður Ingvi ekki. Var Þórður Ingvi spurður að því einslega, hvaðan hann hefði ekið, og svaraði hann því, að hann hafði ekið frá Fossvogsbletti 3.

Ákærði og Þórður Ingvi voru báðir færðir á lögreglustöðina að Stuðlahálsi 2 og yfirheyrðir þar af varðstjóra. Við þá yfirheyrslu endurtók Þórður Ingvi fyrri frásögn varðandi akstur sinn frá Fossvogsbletti 3. Kvaðst Þórður Ingvi hafa séð, að ákærði var undir áhrifum áfengis, og hefði hann því boðist til þess að aka bifreiðinni fyrir hann og hann þegið það.

Samkvæmt skýrslu varðstjóra var talsverður áfengisþefur af andardrætti ákærða, andlit hans þrútið, hann þrætugjarn, augu dauf, jafnvægi óstöðugt og frásögn ruglingsleg.

Ákærði viðurkendi hjá lögreglunni samkvæmt skýrslu hennar, að hann hefði ekið bifreiðinni frá Teigaseli 5 að Fossvogsbletti 3, en þar hefði Þórður Ingvi komið svo til strax í bifreiðina og tekið við akstri hennar. Kvaðst ákærði hafa drukkið úr einni Coca-Cola flösku með Kláravíni blönduðu til háls með vatni og hefði hann drukkið það, eftir að Þórður Ingvi hefði tekið við stjórn bifreiðarinnar. Kvað hann gosdrykkjaflöskuna vera í bifreiðinni. Þetta kvað Þórður Ingvi vera rangt og hefði ákærði ekkert drukkið, eftir að hann tók við akstrinum. Við leit

í bifreiðinni fannst þar engin Coca-Cola flaska, en hins vegar tóm flaska undan Thuleöli, og gátu lögreglumenn ekki merkt, að úr henni væri áfengislykt. Neitaði ákærði því alveg, að hann hefði verið búinn að neyta áfengis, þegar hann ók bifreiðinni, en sagði fyrst, að hann hefði verið þunnur, eins og hann orðaði það. Þetta dró hann síðar til baka, enda var allur framburður hans að mati lögreglumanns þess, er ritaði lögregluskýrsluna, fremur ruglingslegur.

Ákærði var að yfirheyrslu lokinni fluttur í slysadeild Borgarspítalans, þar sem honum var tekið blóð til alkóhólrannsóknar klukkan 1915 um kvöldið. Samkvæmt niðursiððu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 2.41%. Að blóðtöku lokinni var ákærði fluttur í fangageymslu lögreglunnar og síðan yfirheyrður næsta morgun af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík.

Samkvæmt framburði ákærða hjá rannsóknarlögreglu og síðar við meðferð málsins kannast hann við að hafa ekið bifreiðinni Ö 848 frá Teigaseli 5 að Fossvogsbletti 3 í Reykjavík nokkru eftir kl. 17 greindan dag. Hann kannast hins vegar ekki við að hafa verið búinn að neyta áfengis, áður en hann hóf aksturinn.

Ákærði ók að Fossvogsbletti 3 til þess að sækja Þórð Ingva. Þegar ákærði kom að húsinu, var Þórður Ingvi að leika sér við börn sín fyrir neðan það. Ákærði flautaði og beið síðan eftir Þórði Ingva, sem kom eftir stutta stund. Eftir að ákærði hafði stöðvað bifreiðina og flautað, færði hann sig yfir í farþegasætið frammi í bifreiðinni og hóf að drekka áfengisblöndu, sem hann hafði meðferðis í bjórflösku. Var flaskan full með vel sterkri blöndu af Kláravíni. Lauk ákærði við að drekka úr flöskunni, sem hann skildi síðan eftir í bifreiðinni, og hafði hann lokið við drykkjuna og lagt frá sér flöskuna, þegar Þórður Ingvi kom að bifreiðinni og seistist í öikumannssætið óbeðinn. Hann ók síðan af stað austur Bústaðaveg og þar til lögreglan stöðvaði þá á Reykjanesbraut eftir örstuttan akstur.

Ákærði kveðst ekki muna, hvenær hann neytti síðast áfengis, áður en hann hóf áfengisdrykkjuna í bifreiðinni.

Vitnið Þórður Ingvi Sigurðsson prentari, nú að Háaleitisbraut 71 í Reykjavík, skýrir svo frá, að það hafi verið statt að Fossvogsbletti 3 sunnudaginn 29. maí f. á. Einhvern tíma eftir kl. 17 hringdi vitnið til ákærða, og bauðst hann til að sækja vitnið að Fossvogsbletti 3. Vitnið var fyrir utan húsið, þegar ákærði kom akandi að því í bifreiðinni Ö 848. Þegar vitnið kom að bif-

reiðinni, fannst því, að ákærði væri undir áhrifum áfengis, og bauð því ákærða að aka bifreiðinni. Þáði hann það. Vitnið ók síðan austur Bústaðaveg og þar til aksturinn var stöðvaður af lögreglunni.

Vitnið varð ekki vart við, að ákærði drykki eitt eða neitt, eftir að hann kom að Fossvogsbletti 3, og sá hann ekki með áfengi með sér.

Vitnið kveðst hafa skotist inn að Fossvogsbletti 3, eftir að ákærði kom þar að húsinu, og var erindi vitnisins að þvo sér um hendurnar og sækja frakka sinn. Þetta tók örstutta stund og var eina stundin, sem bifreiðin og ákærði fóru úr augsýn vitnisins, frá því að hún kom að húsinu og þar til vitnið kom að henni.

Vitnið segir, að ákærði og það hafi verið við áfengisdrykkju heima hjá vitninu kvöldið áður, en ekki veit vitnið, hvenær ákærði fór, þar sem það var sofnað áður.

Vitnið vann í upphafi yfirheyrslunnar eið að framburði sínum.

Vitnið Jón Hjalti Þorvaldsson húsvörður, Álfhólsvegi 125 í Kópavogi, skýrir svo frá, að það hafi komið að Teigaseli 5 á milli klukkan 17 og 18 greindan dag á bifreið sinni. Á meðan farþegar vitnisins voru að yfirgefa bifreiðina, horfði vitnið á mann koma gangandi frá húsinu. Vitnið er öruggt á því, að maður þessi var áberandi undir einhverjum áhrifum, þar sem hann var reikull í spori, en vitnið kom ekki svo nálægt manningnum, að það hefði aðstöðu til að finna áfengislykt af honum. Vitnið álitur, að maðurinn hafi verið um 10 metra frá því, þegar það veitti honum athygli. Vitnið sá manninn setjast einan inn í bifreiðina Ö 848 og aka á brott. Fannst vitninu akstur ákærða óöruggur. Vitnið lagði síðan biferið sinni og hélt beina leið inn í húsið og tilkynnti lögreglunni símleiðis um málið.

Vitnið segir, að farþegar sínir hafi verið kona með tvö börn, og álitur vitnið, að þau hafi ekki tekið eftir manningnum, en konan lánaði vitninu símann og mintist þá ekki á, að hún hefði séð atvikið sjálf.

Þetta vitni vann einnig eið að framburði sínum.

Vitnið Jón Þórarinnsson laganemi, Vatnsholti 2 í Reykjavík, var lögreglumaður, þegar ákærði var handekinn, og stóð að handöku ákærða ásamt Sverri Guðmundssyni lögreglumanni, sem nú er látinn, en hann ritaði lögregluskýrsluna.

Vitnið Jón skýrir svo frá fyrir dómnum, að þeir hafi verið staddir vestan til í Vatnsendahæð, þegar þeim barst tilkynningin, og stuttu síðar stöðvuðu þeir bifreiðina. Undir stýri sat mað-

ur, sem virtist alsgáður, en við hlið hans ákærði, greinilega ölv-aður. Ákærði skýrði frá því, að hann hefði haft áfengi meðferðis ofan úr Teigaseli og einungis neytt af því, eftir að hinn maður-inn tók við akstrinum.

Vitnið minnr, að einhver flaska hafi fundist í bifreiðinni, en ekki man vitnið, hvort athugað var, hvað í henni var eða hafði verið.

Vitnið las síðan yfir í dóminum skýrslu Sverris heitins og staðfesti, að í henni mundi rétt skýrt frá afskiptum lögreglunnar af málinu, og mundi, eftir að hafa lesið skýrsluna, að það lyktaði úr Thuleflöskunni og fann ekki úr henni áfengislykt. Hins vegar mundi vitnið ekki eftir, að ákærði segði frá því, að hann hefði drukkið úr Coca-Cola flösku.

Vitnið Jóhannes Björgvinsson lögregluvarðstjóri, Miklubraut 84 í Reykjavík, yfirheyrði ákærða og Þórð Ingva, og skýrir vitnið svo frá, að ákærði hafi haldið því fram við yfirheyrsluna, að hann hefði einungis neytt áfengis, eftir að hann kom að Fossvogsbletti og á meðan hann beið einn í bifreiðinni stutta stund eftir féлага sínum. Sagði ákærði, að hann hefði fleygt flöskunni við Fossvogsblett, eftir að hann var búinn úr henni. Vitnið segir, að það minni, að Sverrir heitinn hafi ætlað að athuga, hvort flaskan væri við Fossvogsblett 3, en ekki man vitnið eftir því, hvað kom út úr því.

Vitnið staðfesti í dóminum lýsingu sína á útliti og öðrum ein-kennum ákærða í skýrslu sinni.

Vitnið gerði þá athugasemd við skýrslu Sverris heitins, að það myndi ekki eftir því, að ákærði hefði haft orð á því, að hann hefði drukkið áfengi, eftir að Þórður Ingvi hafði tekið við akstri bifreiðarinnar. Þá mundi vitnið ekki heldur eftir því, að ákærði hefði sagt frá Coca-Cola flösku í bifreiðinni. Að öðru leyti gerði vitnið ekki athugasemdir við skýrsluna.

Með framburði ákærða sjálfs og vitnisins Þórðar Ingva, sem studdir eru með framburði vitnisins Jóns, er sannað, að ákærði ók bifreiðinni Ö 848 frá Teigaseli 5 að Fossvogsbletti 3 greint sinn. Þá er sannað með framburði ákærða sjálfs, framburði vitna og niðurstöðu alkóhólrannsóknar, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar hann var handtekinn. Loks þykir sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis greinda leið. Þykir sönnun þessi byggjast á fram-burði vitnisins Jóns Hjalta, sem sá ákærða hefja aksturinn og lýsir honum þá sem áberandi undir einhverjum áhrifum, fram-

burði vitnisins Þórðar Ingva, sem ekki sá ákærða drekka neitt áfengi eða hafa það meðferðis, því, að engin áfengislykt fannst úr flösku þeirri, sem ákærði segist hafa drukkið áfengið úr, og loks því, að vegna hins mikla áfengismagns í blóði ákærða þykir óhugsandi, að það hafi hann getað fengið í blóðið af því að drekka það áfengismagn, sem hann hefur sagt, að hann hafi drukkið eftir akstur á örfáum mínútum. Er háttsemi ákærða rétt færð til refsíákvæða í ákærinni.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1954 30/5 Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
 1954 12/7 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
 1954 17/9 Reykjavík: Áminning fyrir brot á 30. gr. lögreglu-samþykktar.
 1956 28/1 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
 1956 4/10 Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
 1958 23/4 Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
 1958 26/4 Reykjavík: Áminning fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
 1960 8/2 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 31. gr. lög-reglusamþykktar.
 1961 18/2 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
 1964 5/2 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
 1964 27/10 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
 1964 3/12 Reykjavík: Sátt, 600 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
 1966 26/2 Reykjavík: Dómur: 3.000 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. og 37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Svíptur ökuréttindum í 6 mánuði.
 1966 7/11 Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í ofangreindu máli: 15 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Svíptur ökuleyfi í 1 ár.
 1970 14/12 Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir brot gegn lögum nr. 73/1952.
 1971 13/9 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 248. gr. og 261. gr. hegningarlaga. Ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið í 3 ár.
 1973 7/9 Reykjavík: Dómur: 10.350 kr. sekt fyrir brot á 19. gr. áfengislaga, 4 flöskur af áfengi gerðar upptækar.

- 1974 18/7 Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu.
- 1975 10/3 Reykjavík: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. áfengislaga.
- 1977 18/10 Reykjavík: Dómur: Sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.

Refsidómurinn frá 18. júlí 1974 hefur samkvæmt 71. gr. almennta hegningarlaga nr. 19/1940 ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um.

Ákærði hefur með háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 120.000 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 15 daga.

Svipta ber ákærða ökuréttindum, svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir. Þar sem um ítrekað brot er að ræða af hálfu ákærða, ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Þá ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Rafn Kjartansson, greiði 120.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.